



## **Jafnréttisstefna Knattspyrnudeildar Njarðvík**

Allir hafa jafnan rétt og tækifæri til þess að stunda íþróttir innan raða Knattspyrnudeildar Njarðvíkur. Þar skulu einstaklingar metnir af eigin verðleikum óháð kynferði, kynþætti, kynhneigð, þjóðerni, uppruna, litarhætti, trúarskoðunum, efnahag eða stöðu að öðru leyti.

Jafnréttissjónarmiða er gætt í hvívetna í starfi hjá Njarðvík og hvers kyns mismunum ekki liðin.

Njarðvík veitir báðum kynjum tækifæri á að æfa jafn mikið og jafn oft og gerir ekki greinarmun á karla- og kvennaflokkum við ákvörðun æfingátíma.

Njarðvík gerir sömu ráðningarkröfur til þjálfara karla- og kvennaflokka og kappkostar að hafa vel menntaða og hæfa þjálfara í öllum deildum og flokkum óháð aldri og kynferði. Laun þjálfara á barna- og unglingsviði taka mið af menntun þeirra og reynslu en ekki kynferði þeirra sjálfra eða þeirra sem þeir þjálfar. Laun taka einnig mið af markaðnum og lúta lögmáli um framboð og eftirspurn.

Njarðvík leggur áherslu á að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem kynja- eða kynþáttamisrétti gagnvart öðrum, hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins. Áhersla er lögð á að iðkendur og aðrir félagsmenn geri ekki athugasemdir við litarhátt, talsmáta eða annað í fari iðkenda, ættingja þeirra eða keppinauta sem skilja má sem særandi athugasemd um uppruna þeirra.